

# Arfleifðin afhjúpuð

## Unlocking Hidden Heritage

### Vinnusmiðjan á Englandi

Engendingar riðu á vaðið og héldu fyrstu vinnusmiðjuna dagana 18. til 25. júní 2007. Vinnusmiðjan var á vegum *Grampus Heritage and Training Ltd.* Verkefnastjórinn var Mark Graham, sem hafði veg og vanda að undirbúningi og framkvæmd allri auk fleira starfsfólks fyrirtækisins. Grampus er í *Cumbria*-sýslu, í vesturhluta Englands, ekki fjarri hinum undurfagra þjóðgarði *Lake District National Park*.

Segja má að verkefni vinnusmiðjunnar hafi verið tvíþætt. Annars vegar kynnti fyrirtækið hvernig það stendur að fornleifaskráningu, sérstaklega þó hvernig sjálfbóðaliðar eru virkjaðir til þátttöku og samstarfs. Hins vegar voru gerðar yfirborðsrannsóknir á grónum rústum virkis frá tímum Rómverja á Englandi (1. til 5. öld e. Kr.).

Vegna eðlis vinnusmiðjunnar var ákveðið að bjóða Fornleifavernd ríkisins að senda þátttakanda og fyrir hennar hönd fór Inga Sóley Kristjónudóttir minjavörður Austurlands til Englands. Auk þess tók Guðlaug Vilbogadóttir þátt í vinnusmiðjunni og einnig bættist Margrét Hrönn Hallmundsdóttir í hópinn á þriðja degi, en þær eru fornleifafræðingar á Byggðasafni Árnesinga, sem er íslenski samstarfsaðilinn í verkefninu. Í vinnusmiðjunni tóku einnig þátt einn þátttakandi frá Kýpur, tveir frá Þýskalandi og tveir frá Slóvakíu, auk enskra sjálfbóðaliða og starfsfólks Grampus.

Fyrsta daginn kynnti Mark Graham fyrir okkur hvað Grampus hefur verið að gera í tengslum við Unlocking Hidden Heritage verkefnið og hvað þátttakendum var ætlað að gera næstu daga. Afar áhugavert var að heyra hvernig fyrirtækið fær sjálfbóðaliða til liðs við sig í fornleifaskráningu, hvernig staðið er að leiðsögn þeirra og hve framlag þeirra er mikið, bæði við skráninguna sjálfa og við heimildasöfnun. Ekki var síður athyglisvert að fræðast um rómverska virkið, *Caermote*, þar sem ætlunin var að stunda vettvangsrannsóknir. Síðan var haldið á minjastaðinn til að hópurnir gæti áttað sig á aðstæðum. Greinilega sást móta fyrir

virkisveggjunum þrátt fyrir talsverðan runnagróður á svæðinu, sem hópur ungs fólks frá Slóvakíu var í óða önn að fjarlægja svo hægt yrði að nota jarðsjá við rannsóknirnar.

Næstu daga var síðan unnið við vettvangsrannsóknir í misjafnlega mikilli rigningu og jafnvel þrumum og eldingum. Meðan hluti hópsins vann að fornleifaskráningu í nágrenni minjastaðarins var hinn á minjastaðnum, gekk yfir svæðið með jarðsjá og tók jarðvegssýni. Meðal annars voru sýni tekin fyrir utan virkisveggina til að freista þess að fá úr því skorið hvort búið hafi verið í nágrenni virkisins, eins og oft var raunin.

Auk vinnu á vettvangi var farið í ýmsar skoðunarferðir um nágrennið, þar sem fornir steinahringar, kirkjur, rústir og kastalar voru heimsóttir, farið að hinum mikla varnarvegg sem Rómverjar reistu og skildi að England og Skotland, *Hadrian's Wall*, og ekki síst skoðuðum við skóglendi við *Derwentwater Lake* með tilliti til fornleifaskráningar og áttuðum okkur á því hversu gjörólíkir minjastaðirnir þar eru miðað við íslenskar tóftir, mógrafir og túngarða. Þarna sáum við til dæmis staði sem tengjast nýtingu skógarins, staði þar sem kola- og járngerð fór fram, leifar sögunarmyllu og fleira.

Vinnusmiðjan var afar gagnleg þó veðrið hefði mátt vera betra. Íslensku þátttakendurnir voru sammála um að það hefði verið æskilegt að meiri tími hefði gefist til fornleifaskráningar, því alltaf má læra af reynslu og aðferðum annarra.